

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2112/2003**2008/EES/10/05**

frá 1. desember 2003

um leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1334/2003 um breytingu á skilyrðum varðandi leyfi fyrir nokkrum aukefnum úr flokki snefilefna (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 9. gr. d og 9. gr. e,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003 ⁽³⁾ er ein misritun sem þarf að leiðrétta.

- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1334/2003 er breytt eins og kveðið er á um í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 317, 2.12.2003, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 32, 23.6.2005, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 187, 26.7.2003, bls. 11.

VIDAUKI

Skráningarnúmer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg virks efnis/kg heilfóðurs			
„Hnislalyf og önnur lyf									
E766	Intervet International bv	Natríumsalínómýsín 120 g/kg (Sakox-120-örkyrni)	Samsetning aukefnis: Natríumsalínómýsín: \geq 120 g/kg Kísildíoxíð: 10-100 g/kg Kalsíumkarbónat: 350-700 g/kg Virkt efni: Natríumsalínómýsín, $C_{42}H_{69}O_{11}Na$, CAS-númer: 53003-10-4, natríumsalt pólýetramónó- karboxýlsýru sem er framleidd með gerjun <i>Streptomyces</i> <i>albus</i> (DSM 12217) Skyld óhreinindi: < 42 mg elaiófýlín/kg af salínómýsínnatríumi. < 40 g 17-epí-20-desoxý- salínómýsín/kg af natríumsalínómýsíni	Kjúklingar aldir sem varphænur	12 vikna	50	50	Í notkunarleiðbeiningum komi fram: „Hættulegt dýrum af hestaætt og kalkúnum“ „Þetta fóður inniheldur jónófor: óráðlegt er að nota það samtímis tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlíni).“	11.11.2013“